








HISREG

REGISTER FOR HIDRADENITIS SUPPURATIVA

Lýsing á skrá og
leiðbeiningar

Hönnun / umbrot	Gøril Nordgård, SKDE
Ljósmyndir	Colourbox
Prentun	Prentsmiðja við Háskólasjúkrahúsið Norður-Noregi HF
Upplag	100
Útgefið	Október 2011
Ritstjórn	Philip A. Skau, SKDE Dagfinn Moseng, Háskólasjúkrahúsið Norður-Noregi HF Gisli Ingvarsson, Universitetssykehuset Nord-Norge HF
Útgáfa	1.0

Efnisyfirlit

	Side
 Bakgrunnur	4
 Tilgangur	5
 Lögfræðilegar og stjórnunarlegar aðstæður	6
Ábyrgðaraðili gagna	6
Fagleg og stjórnunarleg ábyrgð	6
 Gerð skrárinnar	7
Skráningarskilyrði	7
Útilokunarskilyrði	7
Váhrifabreytur/ útsetningarbreytur	7
Endapunktsbreytur	7
Stillibreytur	7
 Eyðublöð og skráningarferli	8
Samþykkisyfirlýsing	8
Eyðublöð	8
Fyrirkomulag skráningar	10
Skráning á sjúkradeild	10
Samhæfing skráningar	10
Varðveisla pappírseyðublaða	10
 Skýrslur	11
 Öryggi og persónuvernd	12
Persónuupplýsingar	12
Vinnulag við örugga yfirfærslu og geymslu heilsufarsupplýsinga	12
 Handbók um aðgang að helseregister.no á Norsk Helsenett	13
 Handbók um aðgang að helseregister.no utan Norsk Helsenett	17
 Handbók um rafræna skráningu í HISREG	20
 Athugasemdir	21

Bakgrunnur

Hidradenitis suppurativa (HS) á íslensku graftarsvitakirtilsbólga, einnig nefnt acne inversa, er ólæknandi, þrálátur bólgusjúkdómur í húð en hann kemur venjulega fyrst fram eftir kynþroskaskeiðið og skerðir verulega lífsgæði hjá þeim sem þjást af honum. Sjúkdómurinn einkennist af graftarkýlum og verkjum í handarkrika og nára og öðrum svæðum þar sem húð liggur við húð. Sjúkdómurinn getur leitt til örmyndunar með tilheyrandi sársauka og niðurbroti, graftarútferðar og fistlum.

Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa sýnt að 1-4% íbúa þjást af Hidradenitis suppurativa hluta ævinnar. Konur virðast þjást mun oft af Hidradenitis suppurativa en karlmenn. Í ljós hefur komið að erfitt er að áætla nákvæmlega tíðnina því að sjúklingarnir leyndu oft ástandi sínu og oft er sjúkdómurinn ekki rétt greindur.

Sem stendur eru orsakir fyrir Hidradenitis suppurativa óþekktar. Talið er að sjúkdómurinn sé margþátta en fram að þessu eru aðeins veikar vísbendingar um takmarkaðan fjölda áhættuþátta.

Sjúkdómurinn leggst þungt á marga sjúklinga sem búa daglega við illa lyktandi graftarútferð á svæðum sem áhrifin ná til. Í útgefnu efni um sjúkdóminn eru lífsgæði (DLQI) þeirra, sem eru illa haldnir, mun lakari en hjá þeim sem þjást af öðrum húðsjúkdómum, s.s. psoriasis, ofnæmisexemi og hártapi. Þeir sem verst eru settir draga sig í hlé og einangrast.

Sem stendur eru engar almennar leiðbeiningar um meðferð við Hidradenitis suppurativa. Framboð á meðferðum er að vissu leyti mjög breytilegt. Erfitt er að ráða við sjúkdóminn og engin viðtekin lyfjameðferð er byggð á gögnum úr slembiröðuðum og lyfleysurannsóknum sem stendur. Meðferðin fer fram með lyfjum (sýklalyf, sterar og TNF- α) og alvarlegustu tilfellið með skurðaðgerð, en þau taka sig oft upp aftur.

Heilbrigðisþjónustan getur nýtt sér gæðaskrá á fleiri sviðum. Hún gæti orðið verkfæri til þess að samræma meðferð og mat á árangri meðferðar. Þetta á bæði við um einstök sjúkrahús og milli landa. Með því að samkeyra upplýsingarnar í skránni fyrir Hidradenitis suppurativa við opinberar heilbrigðisskrár fæst ný þekking um bæði sjúkdóminn og meðferð við honum.



Tilgangur

Aðalmarkmið með skrá fyrir Hidradenitis suppurativa (HISREG) er að skráin stuðli að bættri meðferð og umönnun sjúklinga með Hidradenitis suppurativa húðsjúkdóminn.

Skránni er einnig ætlað að vera verkfæri einstakra sjúkrahúsa til að tryggja gæði eigin klínískrar starfsemi. Áhersla er lögð á að notendur hafi eignarhald á eigin gögnum og geti verið óháðir öðrum við kynningu á þeim.

Skránni er ætlað að auka gæði við meðferð sjúklinga sem eru með Hidradenitis suppurativa. Það gerist einkum með:

- Að vinna að því að þróa og bæta greiningu, meðferð og eftirfylgni
- Að skrá áhrif meðferðar og hve lengi hún dugir
- Að gefa sérhverri meðferðareiningu færi á að meta starfsemi sína
- Að vinna að því að auka þekkingu á Hidradenitis suppurativa og meðferð við sjúkdómnum með rannsóknum.
- Að útbreiða þekkingu bæði meðal fagfólks og annarra um á sjúkdómnum og meðferðarúrræðum við honum
- Að mynda gagnagrunn fyrir rannsóknir.



Lögfræðilegar og stjórnunarlegar aðstæður

Ábyrgðaraðili gagna

Ábyrgðaraðili skrárinnar er Háskólasjúkrahúsið Norður-Noregi HF (heilsufyrirtæki) í gegnum framkvæmdastjóra þess. Ef skráin verður lögð niður skal ábyrgðaraðili gagna sjá um upplýsingar í skránni. Sjá www.hisreg.com til að nálgast yfirlit um skyldur ábyrgðaraðila gagna.

Fagleg og stjórnunarleg ábyrgð

Skrifstofuhald og dagleg stjórn skrárinnar er hjá Háskólasjúkrahúsinu Norður-Noregi, húðsjúkdóma-deild. Stýrihópurinn er faglega ábyrgur fyrir skránni. Hópurinn er skipaður fulltrúum af fagsviðum í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.



Gerð skrárinnar

Skráningarskilyrði

Allir sjúklingar 18 ára og eldri sem fá meðferð við Hidradenitis suppurativa hjá heilbrigðisþjónustu sérfræðinga og hafa samþykkt skráningu.

Útilokunarskilyrði

Sjúklingar undir 18 ára aldri eða þeir sem óska ekki eftir að veita samþykki eða þeir sem af vitsmunalegum ástæðum geta ekki gefið upplýst samþykki um að afhenda skránni heilbrigðisupplýsingar um sig.

Grundvallarbreytur

- Uppruni sjúkdóma
- Inngrip (með lyfjameðferð/skurðaðgerð)
- Varanleiki einkenna

Lokabreytur

- Breyting á Hurley score (I-III)
- Breyting á HS-score
- Breyting á Dermatology Life Quality Index (DLQI)

Stillibreytur

Stillibreytur geta verið t.d. orsök, samverkandi sjúkdómar, fyrri meðferð, aldur, menntun, kyn og varanleiki einkenna allt eftir því hver greiningarþörfin er.



Inngrip - lækniseyðublað

Þetta er þriðja eyðublaðið sem fylla þarf út og inniheldur spurningar um tegund inngrips, skurðaðgerð (tegund skurðaðgerðar og staður) og lyfjafræðilegt inngrip (líffræðilegt, sýklalyf bólgumeðferð, verkjastillandi lyf og staðbundin meðferð). Meðferðarlæknir skal fylla út eyðublaðið.


Eftirlit - lækniseyðublað

Þetta er þriðja eyðublaðið sem þarf að fylla út og inniheldur spurningar um Hurley-score, HS-score, fylgikvilla skurðaðgerða og læknisfræðilegar ráðstafanir. Eyðublaðið skal fylla út þegar sjúklingur kemur til baka í eftirskoðun (6-9 mánuðum eftir meðferð). Meðferðarlæknir skal fylla út eyðublaðið.

Eftirlit - eyðublað sjúklings

Þetta eyðublað skal sjúklingur fylla út um leið og eftirlitsblað læknis er fyllt út (sjá að ofan). Eyðublaðið inniheldur spurningar um heilsufar, atvinnustöðu og lífsgæði tengd sjúkdómnum. Sjúklingur skal sjálfur fylla út eyðublaðið.

Fyrirkomulag skráningar



Skráning á sjúkradeild

Usjón spurningaeyðublaða skal fella inn í daglegan rekstur stofnanadeildanna. Það þýðir að mestöll skráningarvinnan skiptist á milli læknis, hjúkrunarfræðings og ritara. Ef tekið er mið af reynslunni og lágmarkun kostnaðar ber að lágmarka vinnu lækna við þetta.

Samhæfing skráningar

Sjúkrahúsin fá sífellt fleiri verkefni sem tengjast gæðaöryggiskerfum, skráningu, rekstrargreiningu og rannsóknum. Þessi verkefni kosta mikið aukastarf hjá deildarstjórn og starfslíði. Hagræði getur verið af því að safna saman meginvinnunni hjá samræmingaraðila. Hver deild skal vera með a.m.k. einn starfsmann sem hefur það hlutverk að sjá um að safna saman gögnum og láta skrá þau.

Samræmingaraðilinn getur verið hjúkrunarfræðingur eða læknaritari sem safnar saman eyðublöðum og skráir þau.

Geymsla pappírseyðublaða og samþykkisyfirlýsinga

Spurningaeyðublöð og samþykkisyfirlýsingar skal fara með sem persónuviðkvæmar upplýsingar og skal geyma á sjúkrahúsinu með öruggum hætti. Eyðublaði og samþykkisyfirlýsingu sem tilkynnt eru með rafrænum hætti má í raun eyða eftir tilkynninguna, en mælt er með að setja upp vinnuferli til að safnvista eyðublöð í allt að tvö ár.

Skýrslur

Notendur skrárinnar eiga kost á aðgangi að eigin ópersónutengdum gögnum sem nota má í gæðaöryggisvinnu innan einstakra deilda. Einstakar sjúkrahúsdeildir skulu auk þess eiga kost á að ná sjálfar í skýrslur úr HISREG. Hver deild skal geta borið eigin árangur saman við landsmeðaltal (eigin lands og annarra landa).

Aðgangur að skýrslukerfinu fer fram um netið með séraðgerð á netgátt skrárinnar (þar sem skráningin fer einnig fram). Inngripahlutfallið er reiknað með því að fjöldi aðgerða, sem tilkynntar eru til skrárinnar, er borinn saman við fjölda þeirra sem skráðir eru í sjúkraskrár einstakra landa (Norsk Pasientregister, Landspatientregisteret í Danmörku og Det nationella patientregistret í Svíþjóð) fyrir sama tímabil. Nánari greining og vinnsla gæðagagna, auk þess sem er innifalið í skýrslugerðinni, fara fram sem verkefni á vegum stýrihópsins.



Öryggi og persónuvernd

Persónuupplýsingar


Skráðar heilsufarsupplýsingar verða geymdar ópersónutengdar í sérstökum gagnagrunni á sérstökum netþjóni til að uppfylla kröfur um öryggi og persónuvernd. Þessar upplýsingar verða auðkenndar hverjum sjúklingi og ekki verður hægt að rekja þær til hans. Fæðingarnúmer verða geymd í aðgreindum gagnagrunni á sérstökum netþjóni aðskilin frá heilsufarsupplýsingunum. Þær verða notaðar sem tengitafla á móti skráðum heilsufarsupplýsingum - til skráningar, breytinga og eyðingar í kerfinu.

Vinnulag við örugga yfirfærslu og geymslu heilsufarsupplýsinga

Helse Nord IKT (HN IKT) ber ábyrgð á innleiðingu og rekstraröryggi gagnagrunns skrárinnar í samvinnu við IKT-ábyrgðaraðila öryggis á viðkomandi heilbrigðissvæði. Skráning fer fram með því að nota viðurkennda vefskoðara. Í skráningarkerfinu verður notuð dulkóðuð tenging á milli vefskoðara og netþjóns (gagnageymslu) sem byggð er á rafrænum vottunum. Gögn eru geymd í vélbúnaði sem er varinn mörgum eldveggjum.

HN IKT býr yfir langri reynslu og góðum verkferlum til að tryggja gögn gagnvart öryggisafritun og endurstillingu. Þegar eyðublöð sjúklings eru geymd verða þau aðeins aðgengileg viðkomandi stofnun en ekki hægt að breyta þeim. Notendur eiga þannig aðgang að eigin gögnum og geta auk þess fengið afhentar skýrslur unnar af HISREG.

Mikill óvissuþáttur um áhrif meðferðar við Hidradenitis suppurativa tengist því hve lengi hið bætt heilsufar varir. Langtíma eftirfylgni er nauðsynleg ef skráin á að geta dregið fram þekkingu um gæði og árangur af meðferðinni. Þess vegna eru engin tímamörk á geymslu ópersónutengdra gagna í skráargagnagrunni þjóðarinnar.



Handbók um aðgang að helseregister.no á Norsk Helsenett

Pörfin fyrir læknisfræðilegar gæðaskrár er sívaxandi og öll heilsugæslusvæði eru hvött til að setja upp gæðaskrár á landsvísu.

Helse Nord IKT hefur í samvinnu við SKDE (Senter for klinisk dokumentasjon og evaluering) þróað helseregister.no til að koma til móts við tæknilegar kröfur við gæðaskrár þar sem Helse Nord ber ábyrgð á gagnamedferð. Helseregister.no er vefhótel gert til að hýsa gæðaskrár og fjölsetrarannsóknir þar sem söfnun fer fram með öruggum veflausnum í tengslum við sameiginlega gátt á Norsk Helsenett.

Notandareikningur

Áður en hægt er að hefja skráningu í skránni þarf að eiga notandareikning (prófil). Það fæst með því að senda inn umsókn um reikning um gáttina Helseregister.no. Fylgið leiðbeiningum.

1
Eyðið því sem kann að standa í reitnum fyrir netslóðina og sláið inn veffangið helseregister.no

2
Hér er stuttur inngangur fyrir blaðsíðurnar.

AHT! aðeins er hægt að komast um netslóðina gegnum stofnanir tengdar Norsk Helsenett.

3
Smellið á «Ny bruker» á valmyndinni fyrir opnu síðuna þar sem reikningur er pantaður.

Logg inn
Brukernavn:

Helseregisterpassord:

Logg inn
[Ny bruker](#)
[Glemt passord](#)

Helseregister.no
Nasjonale registre og studier

Forside Tjenesteoversikt Om helseregister Ofte stilte spørsmål Brukermanual Veiledningsvideoer

Logg inn

Ny Versjon av Helseregister.no Portalen er lagt ut

Mandag 26 august 2013

Vi har lagt ut versjon 1.2 av Helseregister.no. De feilene som var i brukeradministrasjonen samt feilen som oppsto for brukere som ikke har hvert logget inn på 3 måneder skal være rettet opp. Prosjektoversikten (dette tilgangen) er nå flyttet fra versjone historikk til midten av siden. Følgende du har tilgang til ligger nå organisert i faner, ved å klikke på en av disse vil du få opp tilgangene til de forskjellige organisasjonstildelinger i en liste under.

Umsóknareyðublað um aðgang

4

Ný síða opnast.
Fyllið út ólæstu reitina á eyðublaðinu.

Í reitinn «E-post» skal slá inn netfang vinnu-staðar.

Reitirnir með örvatákninu sýna að velja skuli gildi úr valmynd (smella á örva-táknid og velja síðan af valmyndinni sem þá birtist).

Reitur sem hefst á þankastriki (-) táknar að það þarf að velja úr valmynd áður en hægt er að halda áfram. Eftirfarandi reitir breytast eftir því sem valið er af valmyndinni.

Ný bruker

Fyll út skjemat undirfor þú bestille konto til heilseregister.is. Passordet vil bli sendt til ditt mobilnummer og kan ændres i efterfølgende.

Brúkernavn	Venjulegt innskráningarheiti
Fornavn	Skírarnafn
Eftirnafn	Eftirnafn
Telefon	+47 Átta tölustafir í röð
Primær Mobil	+47 Átta tölustafir í röð
Öskander Mobil	+47 Átta tölustafir í röð
Epost	tölvupóstur í vinnuna
Stilling	-
Region	- Staður fyrir vinnustað
Organisasjon	Vinnustaður
Kannet	Stofnun / deild
Avdeling	Póstur / kafli
Prosjekt	- HISREG

Send skjema

ATH! Ef það vantar gögn í einn eða fleiri reiti færðu ekki sent eyðublað til að panta reikning. Þá skal fylla í reitina sem vantar í eða eru ekki rétt útfylltir og reyna aftur. Ef ekki finnst rétt heilbrigðiss-væði og fyrirtæki skal velja fyrst «Annet» og slá inn sitt fyrirtæki.

Þegar pöntunin er send uppfærast glugginn í vefskoðaranum, reitirnir tæmast og textinn «*Søknaden er sendt og vil bli behandlet så snart som mulig*» birtist undir «Send» hnappnum.

Staðfesting er þá send til þín með SMS eða á uppgefið netfang eftir að reikningur hefur verið stofnaður. Þér verður gefið upp lykilorð sem þarf að breyta eftir innskráningu í fyrsta sinn (sjá bls. 15).

Innskráning í upphafi

1
Opnið helseregister.no

2
Sláið inn notandanafn sem fékkst við umsókn um aðgang og lykilorð sem móttakið var á SMS.

Ýtið á «Logg inn».
Síðan er uppfærð.

3
Velja skal annað af tveim farsímanúmerum sem einnota lykilorðið skal sent á. Þau hefur notandi áður tilgreint við skráningu á helseregister.no eða síðar þegar notandalýsingu (prófil) er breytt. Ýtið á «Send»

4
Í næsta glugga kemur fram einnota lykilorðið og eftir nokkrar sekúndur verður það í SMS skeyti á farsímanúmerinu sem valið var. Ýtið á «Neste».

5
Vefskoðarinn opnar nú skrána í nýjum glugga.

Logg inn

Brukernavn:

Helseregisterpassord:

[Ny bruker](#)
[Glemt passord](#)

Helseregister.no
Nasjonale registre og studier

Forside | Prosjektoversikt | Tjenesteoversikt | Om helseregister | Ofte stilte spørsmål

Kontakt
Helseregister.no
Tlf. 76 16 61 32

Velg mobiltelefon:
Mobiltelefon:

Helseregister.no
Nasjonale registre og studier

Forside | Prosjektoversikt | Tjenesteoversikt | Om helseregister | Ofte stilte spørsmål

Kontakt
Helseregister.no
Tlf. 76 16 61 32

Oppgi engangspassord:
Engangspassord:

Gleymt lykilorð á helseregister.no

Ef lykilorðið á helseregister.no gleymist skal fara inn á <http://helseregister.no>. Ýtið á «Glemt passord» undir innskráningarreitnum.

Sláið inn notandanafn og ýtið á «Send». Eftir smástund berst nýtt lykilorð að helseregister.no á skráð netfang hjá þér.

Breyta lykilorði að helseregister.no

Það er hægt að breyta lykilorði sínu og öðrum notandaupplýsingum hvenær sem er.

Þegar upplýsingum er breytt er smelt á «Min side»

Síðan birtir upplýsingar sem áður hafa verið vistaðar undir þínum prófíl.

Notandanafnið er hið eina sem ekki er hægt að breyta.

Ef breyta á lykilorði skal ýtt á «Bytt passord»

Munið að hafa a.m.k. 7 tákni sem eru blanda af tölustöfum, litlum og stórum bókstöfum.

Smellið á «Oppdater» þegar búið er að breyta upplýsingum í prófílnum.

Tjenesteoversikt | Om helseregister | Ofte stillede spørgsmål | Min side | Søk ny tilgang

Min side

Her kan du endre på opplysningene som er registrert om deg og bytte passord.

Personalia **Bytt passord**

Brukeropplysninger

Brukernavn	<input type="text"/>
Fornavn	<input type="text"/>
Efternavn	<input type="text"/>
Telefon	+47 <input type="text"/>
Primær Mobil	+47 <input type="text"/>
Sekundær Mobil	+47 <input type="text"/>
Epost	<input type="text"/>
Stilling	<input type="text"/>
Din Organisasjon	Fag- og forskningssenteret
Din Avdeling	Fag- og forskningssenteret

For å endre tilhørighet bruker du rullegardinene under.

Region	- <input type="text"/>
Organisasjon	<input type="text"/>
Klinikk	<input type="text"/>
Avdeling	<input type="text"/>

Oppdater

Hafið samband við Helseregister.no

Helse Nord IKT
Heimilisfang
Helse Nord IKT
Pósthólf6444
9294 Tromsø


Snr. +47 76 16 63 33
Fax. +47 77 62 61 18

Handbók fyrir aðgang að helseregister.no utan Norsk Helsenett

Í notandahandbókinni er lýst hvernig notendur Helseregister.no fá aðgang að Norsk Helsenett og Helseregister.no um netið. Helse Nord IKT hefur skrifað skjalið, en Norsk Helsenett AS hefur þróað aðganginn að Norsk Helsenett. Norsk Helsenett AS ber einnig ábyrgð á rekstri og framþróun lausnanna sem lýst var.

Kynning á VPN

Flestir hafa ef til vill heyrt um VPN og að það sé eitthvað sem «verður að vera» samfara öryggi, interneti og heimaskrifstofu. VPN stendur fyrir Virtual Private Network. Virtual (Sýndar-) gefur til kynna að það er föst rökræn tenging milli aðila samanborið við raunverulega kapaltengingu við hver annan eða upphringisamband. Tengingin er örugg þannig að utanaðkomendur geta ekki náð í gögn. Það fer þannig fram að notandi internets (sem er ótryggt) beitir því til að mynda «braut» á milli aðila.



Mynd 1- Skýringarmynd af VPN

Hvernig eru gögn varðveitt?

Forsendurnar fyrir að taka í notkun VPN-lausnir eru að öryggi sé nægilegt. Þar eð internet er í sjálfu sér ekki öruggt, er nauðsynlegt að umferðin um VPN-lausn sé nægilega vel tryggt. Öryggi er tryggt með eftirfarandi ráðstöfunum:

- Dulkóðun upplýsinga þannig að þær séu ólæsilegar öðrum en þeim sem þær eru ætlaðar.
- Notendur skulu nota VPN-viðskiptavin sem tryggir samskipti við VPN-netþjón/-eldvegg.

Staðfesting (authentication) fer fram með hjálp notandanafns/lykilorðs, IP-tölu, PIN-númeri, lykilotningu eða samblandi af þessu.

Af hverju þarf að verja gögnin okkar?

Gripið er til þessara öryggisráðstafana til að uppfylla kröfur Norska gagnaeftirlitsins um meðferð persónuupplýsinga. Kerfið skal vera í samræmi við norska lagasetningu um verndun einkalífs. Lagasetningar sem eiga við í þessu samhengi:

- Lögin um sjúkraskrár (lög um sjúkraskrár og meðferð sjúkragagna frá 18. maí 2001)
- Lög um persónuvernd (lög um meðferð persónuupplýsinga nr. 31 frá 14. apríl 2000)
- Reglugerð um verndun persónuupplýsinga (reglugerð nr. 1265 frá 15.12.2000 við lögin um persónuvernd)

Lögin um sjúkraskrár eru lykilatriði við að skapa heimildir til að stofna sjúkraskrár, setja reglur um söfnun og meðferð heilsufarsupplýsinga þar. Hér er um að ræða sérlög sem styðjast við lög um persónuvernd og reglugerð um verndun persónuupplýsinga.

Innskráning gegnum VPN

Við innskráningu gegnum VPN þarf aðgang að interneti, notandareikning hjá helseregister.no og aðgang að Norsk Helsenetts VPN klient.

Netaðgangur

Ef ekki er aðgangur að netinu er haft samband við viðkomandi tölvudeild varðandi slíkt.

Notandareikningur á Helseregister.no

Helseregister.no er hjá Norska heilsufarsnetinu sem þú hefur ekki enn aðgang að. Við stofnun reiknings á helseregister.no, skal hafa samband við ritara SKDE í síma + 47 777 55 800 eða post@skde.no. Nauðsynlegt er að eiga notandareikning á Helseregister.no.

Tilgangur til Norsk Helsenetts VPN klient

Aðgangur að Norsk Helsenetts VPN klient

Ketil Holden

Ketil.holden@hn-ikt.no

Dag Holmen

Dag.holmen@nhn.no

Sótt er um aðgang að Norsk Helsenetts VPN klient til að skrá sig inn á Helseregister.no. Forsendur fyrir aðgangi að Norsk Helsenetts VPN klient er að eiga notandareikning í gildi hjá Helseregister.no þannig að EKKI sé haft samband við okkur fyrr en hann liggur fyrir.

Krafist er eftirfarandi upplýsinga:

- Skírnarnafn
- Eftirnafn
- Farsímanúmer (skráð á Helseregister.no)
- Notandanafn sem valið var á Helseregister.no
- Netfang

Norsk Helsenett

1
Farið á Norsk Helsenett um vefslóðina <https://portal.nhn.no/helseregister>.

2
Ef þessi síða kemur upp, skal ýta á «*Fortsett til dette webområdet (anbefales ikke)*»

Ástæðan er villa sem verður leiðrétt.

The screenshot shows the HISREG web portal interface. At the top, there is a navigation bar with 'Start', 'Administrere', 'Hjelp', 'Møtlinger', and 'Logg ut'. Below this is a search form titled 'Start side for Nordisk HISUP Register' with fields for 'Personnummer type', 'Personnummer', and 'Dato for innhenting av opplysninger'. A 'Søk' button is present. Below the search form is a table titled 'Pasient liste' with columns: 'Personnummer', 'Etternavn', 'Dato', 'Registrering', 'Preintervensjon', 'Intervensjon', and 'Kontrol'. The first row of data shows: '06056948773', 'Leiros', '2010-11-24', and icons for the other columns. A red box on the right side of the page says 'Ny registrering'.

1


Skráið ykkur inn til að setja upp örugga braut að Norsk Helsenett og helseregister.no

Nota skal notandanafn á helseregister.no, lykilorð og áður móttakið PIN-númer með SMS í þann síma sem skráður var á helseregister.no..

Sláið inn nreg.no\ á undan notandanafni. Auk þess að það er \ ekki/.

Lykilorðið skal innihalda eigið lykilorð og móttakinn einnotakóða. Þegar þú skráir þig inn á VPN færðu einnotakóða með SMS (á skráð far-símanúmer) sem nota skal við næstu innskráningu.

Ýtið á «Login»



Dæmi um lykilorð:

Eigið lykilorð er: M1ttP@ss0rd og þú hefur móttakið einnotakóða: 466192. Í PASSWORD-reitinn slærðu þá inn «M1ttP@ss0rd466192». Lykilorð og einnotakóðann skal slá inn í röð í sömu setningu.

Nú er búið að staðfesta þig og það er komin örugg braut á milli tölvunnar þinnar og Norsk Helsenett þar sem þú hefur aðgang að Helseregister.no (sjá hér að neðan). Að auki færðu SMS með nýjum einnotakóða sem nota skal við næstu innskráningu á VPN-gáttina.



Tapaður einnotakóði á VPN-gáttina á Norsk Helsenett

Ef þú finnur ekki eða hefur tapað einnotakóðanum sem þú fékkst við síðustu innskráningu á VPN-gáttina er hægt að fá nýjan með því að slá inn notandanafn og lykilorð. Sláið aðeins inn eigið lykilorð. Innskráningin tekst ekki en þú færð sendan nýjan einnotakóða sem þú slærð inn í næstu tilraun ásamt lykilorðinu.

Handbók um rafræna skráningu í HISREG

Sjá bls. 13 varðandi innskráningu Helseregister.no

Byrjaðu skráningu nýs sjúklings með því að fylla út þessa reiti.

Hafið hliðsjón af hjálpartexta við útfyllingu eyðublaðanna.

Start side for Nordisk HISUP Register

Personnummer type: [dropdown menu]

Personnummer: [text input]

Dato for innhentning av opplysninger: [text input]

Søk Lage ny

Pasient liste

Pegar skráningu sjúklings er lokið velurðu næsta eyðublað hér.

Preintervensjon

Personnummer	Etternavn	Dato	Registrering	Preintervensjon	Intervensjon	Kontrol
	Skau	2011-08-11	[icon]	[icon]	[icon]	[icon]

Þú hefur stöðugt yfirlit yfir stöðuna á útfylltum eyðublaðum fyrir hvern sjúkling.

Pasient liste

Personnummer	Etternavn	Dato	Registrering	Preintervensjon	Intervensjon	Kontrol
1	Leiros	2010-11-24	[icon]	[icon]	[icon]	[icon]
:		2011-06-01	[icon]	[icon]	[icon]	[icon]
:	nyq	2011-06-01	[icon]	[icon]	[icon]	[icon]
:	Grimstø	2010-11-24	[icon]	[icon]	[icon]	[icon]
:	Lundemo	2010-11-24	[icon]	[icon]	[icon]	[icon]

Útskýringar á stöðu eyðublaðs er neðst á upphafssíðu HISREG.

Ny registrering

Data er ikke komplett

Oppføring er ferdig utfylt

Athugasemdir

HISREG - Norræn skrá fyrir Hidradenitis Suppurativa

Noregur:

Gisli Ingvarsson
Háskólasjúkrahúsið Norður-Noregi
Húðsjúkdómadeild
9038 Tromsø, Noregi
Netfang: gisli.ingvarsson@unn.no

Svíþjóð:

Lennart Emtestam
Húð- og kynsjúkdómadeild
Karolinska háskólasjúkrahúsið
Solna 171 76 Stokkhólmi, Svíþjóð
Netfang: lennart.emtestam@ki.se

Danmörk:

Gregor Borut Ernst Jemec
Húðsjúkdómadeild
Sjúkrahús Roskilde
DK-4000 Roskilde, Danmörku
Netfang: gbj@regionsjaelland.dk